




ES/bgb

Reykjavík, 2. maí 2005

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dagsettu 29. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003, 738. mál, fjarskiptaáætlun o.fl., og tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum 2005-2010, 746. mál. Frestur til að skila umsögn er til hádegis í dag.

Vegna hins skamma tíma sem er til umráða hefur ekki gefist tóma til að gaumgæfa frumvarpið eins og æskilegt hefði verið. Farið hefur verið yfir það og einkum skoðaðar þær greinar sem snerta störf lögreglu og ákærvalds, þ.e. 2., 7., 8., og 9.gr. Af hálfu embættisins er tekið undir þau sjónarmið varðandi þessar greinar sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Til áréttingar því sem þar segir um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að umræddar upplýsingar séu veittar og þátt dómstóla í að hafa eftirlit með því skal bent á dóm Hæstaréttar frá 25. f.m. í málinu nr. 168/2005: Lögreglustjórnin í Reykjavík gegn IP-fjarskiptum ehf. Þar var kröfu embættisins um að í þágu rannsóknar sakamáls yrði uppgengið hver hafi verið notandi tiltekinnar IP tölu hafnað, svo sem rakið er í dóminum, þrátt fyrir að um augljósa rannsóknarhagsmuni væri að ræða. Án þessara upplýsinga er lögreglu nær ómögulegt að upplýsa þetta mál.

Ekki er tími til að fjalla um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík